



## SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Fundur með fjárlaganefnd Alþingis 27.04.2017

### HAFNAMÁL

Uppbygging í Helguvík hefur tekið á fjárhagslega hjá Reykjanesbæ og fyrirsjáanlegur er töluverður kostnaður við áframhaldandi uppbyggingu á næstu árum. Fundurinn leggur til við hlutaðeigandi að fyrirhuguðum hafnarframkvæmdum sem og kostnaði vegna fyrri framkvæmda verði sett á fjárlög 2017-2018. Jafnframt verði horft til þess að á næstu fjórum árum þar á eftir komi fjárframlög. Lagt er til að hluti þessara fjárframlaga byggji á forsendum hafnarlaga nr. 61/2003 og vegalaga nr. 80/2007 og hluti verði vegna sérлага um sértakan stuðning.

Stjórn SSS bendir á að þjóðhagslegur ávinningur framkvæmda í Helguvík er margfaldur umfram þau fjárframlög sem óskað er eftir að lagt verði í verkefnið. Samkvæmt samþykktu svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 er gert ráð fyrir því að Helguvíkurhöfn gegni hlutverki sem útskipunarhöfn Suðurnesja og er hún mikilvæg í allri atvinnuuppbyggingu á Suðurnesjum.

Jafnframt kemur fram í Svæðisskipulagi Suðurnesja að hafnirnar í Grindavík og Sandgerði eru skilgreindar sem fiskihafnir og að ekki er gert ráð fyrir nýjum höfnum. Það hefur legið fyrir að nauðsynlegt væri að endurgera þil við Miðgarð í Grindavík og þil í Sandgerðishöfn. Fyrrgreind þil eru frá 1964-1978 og er meðallíftími bryggjuþilja 40 ár. Vegagerðin hafði metið það svo að brýn þörf væri á endurbýggingu Miðgarðs í Grindavík og nú eru hafnar framkvæmdir við endurnýjun á stálþilinu. Því verki á að ljúka fyrri hluta næsta vetrar og í framhaldi verður lögð ný hafnarþekja. Þá á eftir að dýpka höfnina, enda er það forsenda þess að hafnarmannvirkin nýtist og fyrr verður höfnin ekki fullgerð. Dýpkun er umfangsmikil og dýr framkvæmd og verður ekki unnin nema til komi umtalsverð fjárveiting frá ríkisvaldinu. Grindavíkurhöfn er með næstmesta verðmæti afla á hvern metra viðlegukants á landinu. Afar mikilvægt er að allir viðlegukantar séu í notkun og hægt sé að veita þjónustu hratt og örugglega, svo skip komist sem fyrst aftur á sjó til veiða.

Í minnisblaði hafnasviðs Vegagerðarinnar dags. 24.02.2015 um ástand Suðurbryggju Sandgerðishafnar kemur fram að víða hafa myndast göt á stálþilið vegna tæringar og að burðargetan er mjög skert eða aðeins 20% af upprunalegum styrk þilsins. Í samgönguáætlun er gert ráð fyrir að endurbótum á Suðurbryggju Sandgerðishafnar verði lokið á árinu 2017-2019. Eins og staðan er núna er óljóst hvert framlagið verður á árinu 2018 en mikilvægt er að ljúka við endurbætur á höfninni. Takmarka hefur þurft þungaumferð um bryggjuna. Brýn þörf er á að allar bryggjurnar séu nothæfar enda er Sandgerðishöfn meðal þeirra hafna þar sem flestar landanir eru á ári hverju.

Því er jafnframt beint til Vegagerðarinnar að nauðsynlegt er að gera úttekt á sjóvörnum í Sveitarfélaginu Garði en ráðast þarf í frekari lagfæringar og styrkingar á sjóvörnum.

### MÁLEFNI ALDRAÐRA.

Á Aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum sem haldinn var 2.-3. október 2015, biðna 43 sjúkir aldraðir eftir hjúkrunarrými á Suðurnesjum. Ljóst er að það stefnir í óefni ef ekkert verður gert í þessum málaflökki. Það hlýtur að vera forgangsmál að vinna nú þegar að fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurnesjum.

Ef stuðst er við reiknireglu Velferðarráðuneytisins við mat á þörf ætti hjúkrunarrými á Suðurnesjum að vera 141 en eru aðeins 118. Reiknireglan gerir einnig ráð fyrir því að 10-15% rýma séu skilgreind sem hvíldarrými en í dag eru einungis 8 rými af 118 með þá skilgreiningu eða 6,7%.



Sé gengið út frá forsendum miðspár Hagstofu Íslands um fjölgun aldraðra til ársins 2025 má búast við að öldruðum íbúum á Suðurnesjum fjölgi um 857 á næstu 10 árum og 1708 á næstu 20 árum. Sé stuðst við reiknireglu ráðuneytisins þyrftu að vera 182 hjúkrunarrými á Suðurnesjum árið 2025 og 267 rými árið 2035.

Þessi staða er með öllu óásættanleg fyrir íbúa Suðurnesja og gera sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum því þá kröfu til stjórnvalda að þau standi með sveitarfélögunum á Suðurnesjum í þeirri viðleitni að byggja upp hjúkrunarþjónustu við aldraða sem uppfyllir þörf, mæti nútíma- og framtíðarþörfum í málaflokknum og standist samanburð við önnur heilbrigðisumdæmi landsins. Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum skorar því á Velferðarráðherra að beita sér fyrir bragarbót í öldrunarþjónustu á Suðurnesjum þar sem ríki og sveitarfélögin verði leiðandi í nýrri nálgun í heildrænni þjónustu við aldraða.

---

## SAMGÖNGUMÁL.

Stjórn SSS skorar á Innanríkisráðherra að beita sér fyrir útbótum á lagaumhverfi almenningssamgangna. Nauðsynlegt er að tryggja landshlutasamtökunum einkaleyfi almenningssamgangna eins og kemur fram í samningum milli Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Vegagerðarinnar. Leggja verður áherslu á að einkaréttur landshlutasamtakanna til að starfrækja almenningssamgöngur á tilteknum leiðum og svæðum og að þeim rétti sé veitt ríkari vernd í lögum. Gera verður skýrari greinarmun á almenningssamgöngum og farþegaflutningum í atvinnuskyni. Skorað er á stjórnámálamenn að standa vörð um almenningssamgöngur á Suðurnesjum sem og landinu öllu og tryggja að almenningssamgöngur séu raunhæfur kostur fyrir almenning. Mikill hallarekstur hefur verið á rekstri almenningssamgangna á Suðurnesjum en nú er hallinn orðinn **83 mkr.**

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum ítrekar ályktun sem samþykkt var á 40. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, þann 14.-15.okt. 2016. Þar kom fram að mikilvægt væri að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar upp að Flugstöð Leifs Eiríkssonar til að bregðast við auknum umferðarþunga og tryggja öryggi notenda. Nauðsynlegt er að auka umferðaröryggi við Aðalgötu og Þjóðbraut inn á Reykjanesbraut, sem og tengingu við Hafnarveg.

Aðalfundurinn lagði mikla áherslu á að unnið verði að því að breikka Grindavíkurveg. Vegurinn er einn af fjölförnuustu ferðamannavegum landsins en tæp milljón gestir sækja Bláa Lónið heim ár hvert. Þá er vegurinn illa farinn vegna mikilla þungaflutninga og mjög sprunginn á köflum. Vert er að benda á að vegurinn liggur í gegnum vatnsverndarsvæði Suðurnesja og því afar mikilvægt að hann sé þannig úr garði gerður að hægt sé að bregðast við mengunarslysum.

Fram kemur m.a. í gögnum frá EuroRAP að Grindavíkurvegurinn er í sjöunda sæti yfir þá vegi sem flest slys verða á. Því er nauðsynlegt að bregðast við með aðgerðum svo komið verði í veg fyrir frekari slys.

Suðurnesin eru eitt atvinnusvæði og því fara margir um Grindavíkurvegin til og fá vinnu auk þess sem gestir vinsælasta ferðamannastaðs Íslands, Bláa lónsins fara um veginn. Þetta er því ekki aðeins baráttumál Suðurnesjamanna að brugðist verði við, heldur allra þeirra gesta sem sækja Suðurnesin heim.

Jafnframt þarf að laga vegi til Sandgerðis og Sveitarfélagsins Garðs. Breikka þarf vegina og þarfnast þeir talsverðar lagfæringa. Nokkur umferð er um vegina af stórum bifreiðum m.a. vegna fiskflutninga og uppfylla þeir ekki öryggiskröfur. Fundurinn bendir á að mikilvægt er að ljúka við tvöföldun Reykjanesbrautarinnar upp í Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða í það minnsta bæta innkomur í Reykjanesbæ og auka umferðaröryggi við Aðalgötu og Þjóðbraut.



Sveitarstjórnarmenn á Suðurnesjum gera athugasemdir við þá aðferð sem notuð var þegar skoðaðir voru kostir fyrir staðsetningu innanlandsflugs. Sameiginlegur stýrihópur ríkisins, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group mat millilandaflugvöll á Miðnesheiði, Keflavíkflugvöll ekki sem einn þeirra valkosta sem kæmu til greina.

#### STÆKKUN FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA.

Í tilefni af því að skólinn varð 40 ára haustið 2016 var sú hugmynd endurvakin að byggja við félagsrými skólans. Salur skólans, sem jafnframt er matsalur nemenda, rúmar um 350 manns í sæti. Salurinn er í dag eina svæðið sem nemendur hafa til að setjast niður á í frímínútum og / eða í eyðum í stundatöflu sinni. Búið var að teikna og útfæra (árið 2008) hvernig hægt væri að stækka matsalinn til að hann rúmaði fleiri til að mæta þeim fjölda sem þá var hér eða um 1200 nemendur. Með fækkun nemenda í árgangi og styttingu stúdentsnáms (55% nemenda Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru í bóklegu námi) í þrjú ár má gera ráð fyrir að nemendafjöldi FSS næstu árin verði um 900 nemendur ef ekki verður fjölgun íbúa á svæðinu á ný. Nemendur skólans eru nú um 1000 en voru flestir um 1250 þegar átakið „Nám er vinnandi vegur“ stóð yfir.

#### Kostnaðarhlutfall við stækkun Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

|                         |                |     |
|-------------------------|----------------|-----|
| Heildarkostnaður        | 96.000.000 kr. |     |
| Hlutdeild ríkis         | 57.600.000 kr. | 60% |
| Hlutdeild sveitarfélaga | 38.400.000 kr. | 40% |

  

| Skipting kostnaðar á sveitarfélög | Fjöldi íbúa 01.01.2017 | Fjöldi íbúa í prósentum | Kostnaðarhlutféild |
|-----------------------------------|------------------------|-------------------------|--------------------|
| Reykjanesbær                      | 16.350                 | 68,14%                  | 26.167.632 kr.     |
| Grindavík                         | 3.218                  | 13,41%                  | 5.150.302 kr.      |
| Sandgerði                         | 1.708                  | 7,12%                   | 2.733.597 kr.      |
| Sveitarfélagið Garður             | 1.511                  | 6,30%                   | 2.418.305 kr.      |
| Sveitarfélagið Vogar              | 1.206                  | 5,03%                   | 1.930.163 kr.      |
| Samtals                           | 23.993                 | 100,00%                 | 38.400.000 kr.     |

#### FRAMLÖG TIL HEILSUGÆSLU Á SUÐURNESJUM.

Samkvæmt upplýsingum frá Velferðarráðuneytinu þann 07.04.2017 skiptast framlög til heilsugæslu með eftirfarandi hætti á milli umdæma:

#### Fjárheimildir heilsugæslusviða stofnanna, upplýsingar frá Velferðarráðuneytinu 07.04.2017

| Stofnun                        | Fjárheimildir | Íbúafjöldi | Framlög pr.íbúa |
|--------------------------------|---------------|------------|-----------------|
| Heilbrigðisstofnun Vesturlands | 1.643.400.000 | 15.929     | 103.170 ISK     |
| Heilbrigðisstofnun Vestfjarða  | 723.000.000   | 6.870      | 105.240 ISK     |
| Heilbrigðisstofnun Norðurlands | 2.625.200.000 | 36.841     | 71.258 ISK      |
| Heilbrigðisstofnun Austurlands | 1.488.700.000 | 12.497     | 119.125 ISK     |
| Heilbrigðisstofnun Suðurlands  | 2.419.500.000 | 25.341     | 95.478 ISK      |
| Heilbrigðisstofnun Suðurnesja  | 1.271.300.000 | 23.993     | 52.986 ISK      |

Eins og kemur fram á töflunni eru fjárheimildir einungis vegna heilsugæslusviða stofnanna. Fjárframlög til heilsugæslusviðs Heilbrigðisstofnunnar Suðurnesja er aðeins kr. 52.986,- á hvern íbúa sem er í flestu tilfellum helmingi lægra en á öllu landinu.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum í samvinnu við önnur landshlutasamtök lét vinna skoðunarkönnunum um það sem skiptir íbúa mestu máli með tilliti til búsetu og hvað það væri sem þeir hefðu mestar áhyggjur af. Fram kom með afgerandi hætti slök staða Heilsugæslustöðvar Suðurnesja. Þetta er sveitarstjórnarfólki á Suðurnesjum mikið áhyggju efni og ljóst að ríkisvaldið verður að leiðrétta þessa misskiptingu sem fyrst.





## FRAMLÖG TIL REYKJANES GEOPARK

Reykjanes UNESCO Global Geopark vinnur að því að kveikja áhuga íbúa og gesta á Jörðinni, m.a. með því að vekja athygli á áhugaverðri jarðsögu, fræða og annast landsið. Um er að ræða svæði með merkilegar jarðminjar á heimsvísu.

Hugtakið Geopark er skilgreint af UNESCO, Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, sem heldur úti skrá yfir þau svæði sem hafa fengið viðurkenningu frá stofnuninni sambærilegri Heimsmínjaskrárni. Tvö íslensk svæði eru á umræddum lista UNESCO, þ.e. Katla Geopark og Reykjanes Geopark. Alls eru í dag 119 geoparkar á listanum á heimsvísu.

### Reykjanes Geopark ekki á fjárlögum

Samkvæmt fjárlögum sem samþykkt voru í desember 2016 fyrir árið 2017 kemur Katla Geopark til með að fá 20 milljónir króna á ári, næstu 5 ár eða 100 milljónir alls. Ekki er gert ráð fyrir sambærilegu framlagi til Reykjanes Geopark. Það er gleðilegt að ríkið viðurkenni mikilvægi geoparka sem þessum hætti og framlagið á eftir að nýtast samstarfsfólki okkar í Kötlu Geopark vel á næstu árum. Það er hins vegar erfitt að hugsa til þess að Reykjanes UNESCO Global Geopark verður árið 2017 eina íslenska svæðið á listum UNESCO sem ekki er á fjárlögum en hin svæðin eru Katla Geopark, Þingvellir og Surstey.

Í dag er t.d. enginn starfsmaður á launaskrá hjá Reykjanes Geopark en helst þyrftu að vera 2-3 starfsmenn til að sinna öllum þeim verkefnum sem við vildum geta sinnt.

### Skortur á landvörslu

Reykjanes UNESCO Global Geopark hefur óskað eftir því við Umhverfis- og auðlindarráðuneytið að landvarsla verði aukin á Reykjanesskaga. Óskað hefur verið eftir 14 milljónum króna í landvörslu utan friðlýstra svæða árið 2017. Enginn landvörður er á Reykjanesskaganum en sá sem á að sjá um svæðið er staðsettur í Vestmannaeyjum.

Stjórn S.S.S. hvetur stjórnvöld til að samræma úthlutanir úr Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og Landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarlegum minjum. Unnið hefur verið við gerð 12 ára stefnu ásamt 3ja ára verkefnaáætlun. Eins og staðan er núna blasir við að þörf verkefni munu ekki rata inn á Landsáætlun né heldur fá styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

## SALA EIGNA Á ÁSBRÚARSVÆÐINU

Ríkisfyrirtækið KADECO hefur selt allar fasteignir fyrrum herstöðvar Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Stór hluti seldra fasteigna eru komin í eigu tveggja fasteignafélaga. Nú er unnið við að koma þessi, eignum í borgaraleg not en laga þarf húsnæðið svo það fullnægi lögum og reglugerðum sem gilda á Íslandi. Það má því búast við því að nokkur hundruð íbúðir komin inn á leigumarkaðinn á Suðurnesjum á næstu mánuðum. Ásbrú tilheyrir Reykjanesbæ og ef þessar áætlanir ganga má búast við því að íbúum í Reykjanesbæ munu fjölga verulega. Þess ber að geta að fjölgun íbúa á Suðurnesjum var töluverð á árinu 2016 en íbúum í Reykjanesbæ fjölgaði um 7,3%. Ef að fjölgun íbúa verður í takt við fyrrnefndar áætlanir má búast við nokkur hundruð börnum á leik- og grunnskóla aldri sem setjist að á Ásbrú ásamt fjölskyldum sínum, því er ljóst að Reykjanesbær þarf að fara í umtalsverða uppbygging á þjónustu við þessa nýju íbúa.

Það verður því að teljast eðlileg krafa að eitthvað af því milljörðum sem runnið hafa í ríkissjóð vegna sölu fasteigna á Ásbrú skili sér til baka til Reykjanesbæjar svo sveitarfélagið geti staðið undir uppbyggingu á Ásbrúarsvæðinu.